

**Nr. 076 / 12 Gnýr ÍS 90****Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 5723  
Smíðaður: Akranesi 1976 eik og fura  
Stærð: 2,9 brl. 3,2 bt.  
Mesta lengd: 7,01 m Skráð lengd: 6,8 m  
Breidd: 2,2 m Dýpt: 1,11 m  
Vél: Volvo penta 17 kW 1976  
Fjöldi skipverja: 1



Gnýr ©Þorgeir Baldursson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 13. júní 2012 var Gnýr ÍS 90 á handfæraveiðum um 3 sml. utan Skálavíkur undir Gelti. Veður: NA andvari.

Eftir að skipstjóri gangsetti vélina til að kippa á veiðislóðinni snérist skrúfan ekki þegar hann kúplaði að gírnum. Í ljós kom að skrúfuöxull var brotinn inn í flangs aftan við gírinn. Hann hélt áfram veiðum þar til Emilía ÍS 315 hafði lokið sínum veiðum og dró Gný ÍS inn til Suðureyrar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að tengið var rillutengi í flangs sem tengdi gíröxul og skrúfuöxul. Öxullinn hafði brotnað rétt aftan við rillurnar á öxlinum þar sem gróp í honum var fyrir „stoppbolta“ í gegnum flangsinn;
- að skipstjórinn sagðist ekki hafa fengið í skrúfuna þann tíma sem hann hefði átt bátinn og ekki hafi reynt neitt sérstaklega á öxulinn. En hann hafi brotnað þar sem hann var veikastur fyrir eða í splittgrópinni.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.